



Reglur um listamann Fjarðabyggðar og listaverk sveitarfélagsins

Markmið reglna þessara er að efla listsköpun í Fjarðabyggð, styðja við menningarlíf sveitarfélagsins, tryggja faglega meðferð listaverka í eigu þess og auka sýnileika listamanna með tengsl við sveitarfélagið. Listaverkæign er fjölbreytt og endurspeglar gildi og menningarsögu samfélagsins og þá listsköpun sem á sér stað í sveitarfélaginu. Reynt skal eftir fremsta megni að styðja við lista- og handverksfólk sem býr í Fjarðabyggð, hefur sterk tengsl við það eða sýnt eljusemi í starfsemi í sveitarfélaginu. Leitast skal við að verk í eigu Fjarðabyggðar séu aðgengileg almenningi, að staðaldri eða á tímabundnum sýningum þar sem við á.

1. gr.

Listamaður Fjarðabyggðar

Annað hvert ár skal skipaður **Listamaður Fjarðabyggðar** til tveggja ára í senn. Skipunin fer fram við opnun Innsævis listahátíðar í Fjarðabyggð og er hluti af opunarhófi hátíðarinnar.

2. gr.

Hlutverk Listamanns Fjarðabyggðar

Listamaður Fjarðabyggðar gegnir á skipunartíma sínum eftirfarandi hlutverki:

- er verndari lista í Fjarðabyggð,
- er einstakur ráðgjafi sveitarfélagsins í menningarmálum,
- tekur virkan þátt í samtali við sveitarfélagið um þróun og eflingu menningarlífs.

Nánari útfærsla á hlutverki, verkefnum og reglulegum samskiptum við menningarstofu er ákveðin af forstöðumanni menningarstofu í samráði við stjórn hennar.

3. gr.

Valferli

Valferli Listamanns Fjarðabyggðar skal ákveðið með umræðum um listamannatillögur frá forstöðumanni í stjórn menningarstofu. Litið skal fjölbreyttra listgreina við val á listamanni. Listamaður þarf að eiga skýra tengingu við sveitarfélagið t.d. með því að vera:

- Fæddur og uppalinn í Fjarðabyggð
- Búa og starfa í Fjarðabyggð
- Hafa eftir menningarstarf á svæðinu með listsköpun sinni

Nánari reglur um valferli, hæfissskýrði og skipan er faldar forstöðumanni að leggja fyrir stjórn.

4. gr.

Fjármögnun Listamanns Fjarðabyggðar

Annað hvert ár er gert ráð fyrir fjármagni til handa Listamanni Fjarðabyggðar í fjárhagsáætlun:

- Sem verðlaunafé til Listamanns.
- Og/eða til kaupa á listaverki eða listaverkum eftir Listamanninn.
-

**5. gr.***Fjármögnun listaverkakaupa og viðhalds*

Annað hvert ár er fjármunum varið til listaverkakaupa og/eða forvörslu listaverka en slík ráðstöfun er í samræmi við heildarstefnu sveitarfélagsins um varðveislu, skráningu og uppbyggingu listaverkasafns til lengri tíma. Fjárhagsáætlun hvers árs markar fjármagn til kaupa á listaverkum og viðhalds þeirra. Í fjárhagsáætlun hvers árs skal áætla ákveðið fjármagn til kaupa á listaverkum, skráningu og viðhalds listaverka. Áætlun aðskilur fjármagn fyrir listaverkakaup annarsvegar og viðhalds og skráningar, hins vegar.

6. gr.*Stefna og áherslur*

Listaverkæign Fjarðabyggðar skal vera fjölbreytt og endurspegla gildi, menningarsögu og draga fram í sviðsljósið tengingar samfélagsins við almenna listasögu Íslands og setja hana í alþjóðlegt samhengi.

Ein af lykiláherslum listaverkæignarinnar er að styðja við lista- og handverksfólk sem býr í sveitarfélaginu, hefur sterk tengsl við það eða hefur sýnt elju í skapandi starfsemi í því. Önnur áhersla er að listaverkæignin setji listafólk eða listaverk frá svæðinu í samtal við almenna listasögu á landinu og alþjóðlega.

Leitast skal við að listaverk í eigu Fjarðabyggðar séu aðgengileg almenningi, að staðaldri og að reglulega séu skipulagðar tímabundnar sýningar sem að sýna verkin. Þetta getur verið í samtali við önnur verk eða sérsýningar á þeim.

7. gr.*Eignarhald og skráning*

Hafi Fjarðabyggð frumkvæði að kaupum eða gerð listaverka skal taka mið af reglum þessum. Listaverk sem er á listaverkaskrá Fjarðabyggðar eða hefur verið mótttekið með samningi telst vera eign Fjarðabyggðar. Öll listaverk í eigu sveitarfélagsins skulu merkt greinilega og skráð í gagnagrunn.

8. gr.*Skilgreining listaverka*

Með listaverkum er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, svo sem veggskreytingar innan húss og utan, höggmyndir, lágmyndir, málverk, myndvefnað, minnisvarða og aðra listræna fegrun. Listaverk getur einnig verið eiginlegur byggingarhluti, að hluta eða í heild, og órjúfanlegur hluti af byggingu eða umhverfi hennar.

9. gr.*Varðveisla og upplýsingar*

Listaverk í eigu sveitarfélagsins skulu vera í góðu ásigkomulagi og varðveitt við viðeigandi skilyrði. Haldið skal utan um helstu upplýsingar um verkin, svo sem höfund, ártal, efni eða aðferð og bakgrunn þeirra.

10. gr.*Staðsetning og uppsetning*

Vandað skal til verka við val á staðsetningu og uppsetningu listaverka þannig að þeirra megi njóta sem best.

**11. gr.***Gjafir og uppruni*

Sveitarfélagið reynir eftir fremsta megni að koma því þannig við að opinberar gjafir, eða gjafir gefnar af sveitarfélaginu, eigi uppruna sinn í því, styðji við skapandi starfsemi í sveitarfélaginu eða hafi skýra vísun í samfélagið.

12. gr.*Viðhald og endurskoðun safns*

Samantekt um forgangsroðun viðhalds skal gerð og gagnagrunnur listaverkæignar yfirfarinn af stjórn menningarstofu annað hvert ár. Þá skal jafnframt taka fyrir möguleg skil á verkum, sölu eða endurgjöfum.

13. gr.*List í bæjarlandslaginu*

Reynt skal eftir fremsta megni að fegra byggingar og stofnanir sveitarfélagsins og umhverfi þeirra með listaverkum annað hvert ár eða oftar. Jafnræði skal ríkja á vali og er mikilvægt að það sé ekki fegrað í tvígang sama bæjarkjarna tvö ár í röð eða oftar.

14. gr.*Listaverkaráð*

Listaverkaráð metur og gerir tillögu um móttöku nýrra listaverka. Í listaverkaráði sitja:

- Forstöðumaður menningarstofu.
- Fulltrúar í stjórn menningarstofu.
- Listamaður Fjarðabyggðar ef hann þiggur að sitja í ráðinu.
- Sérstakur sérfræðingur í myndlist.

Listamaður Fjarðabyggðar og sérstakur sérfræðingur skulu sitja stjórnarfundum þegar erindi listaverkaráðs eru tekin fyrir.

15. gr.*Kostnaðargreining*

Áður en listaverkaráð fjallar um verk skal menningarfulltrúi vinna kostnaðargreiningu á framleiðslu, flutningi, frágangi og uppsetningu verks.

16. gr.*Fagleg ráðgjöf*

Forstöðumaður Menningarstofu leitar faglegrar ráðgjafar til sérfræðingi listaverkaráðsins eða annarra sérfræðinga í forvörslu, viðhaldi listaverka og fleira eftir því sem hann telur nauðsynlegt í hverju tilviki.

17. gr.*Móttaka gjafa*

Áður en Fjarðabyggð tekur við listaverkum, með eða án skilyrða, sem gjöf, gegn gjaldi eða án gjalds, skal verkið tekið út af listaverkaráði. Öllum gjöfum skal fylgja gjafabréf. Fylgi gjafabréf ekki skal minnisblað útbúið af forstöðumanni menningarstofu. Fylgi gjöf kvaðir áskilur Fjarðabyggð sér rétt til að meta hvert tilvik sérstaklega.

**18. gr.***Útilistaverk*

Áður en gengið er frá móttöku útilistaverks skal liggja fyrir umsögn nefndar sem fjallar um skipulagsmál sveitarfélagsins.

19. gr.*Samningar*

Áður en listaverk er móttengið skal skrifað undir samning þar sem m.a. kemur fram:

- Ábyrgð sveitarfélagsins á varðveislu og viðhaldi.
- Réttindi og skyldur listamanns.
- Staðsetning og möguleikar á flutningi.
- Lengd vörslu sveitarfélagsins.
- Ákvæði um lán, leigu, tryggingar og flutning.
- Ákvæði um notkun og eftirmyndun verks.

20. gr.*Flutningur, sala og endurgjöf.*

Óheimilt er að flytja listaverk varanlega úr byggingu eða almenningsrými, selja það eða eyða því nema að fenginni umsögn listaverkaráðs.

21. gr.*Sala listaverka*

Heimilt er, að fenginni umsögn listaverkaráðs, að selja listaverk úr eigu sveitarfélagsins liggi fyrir skýr rök og í þeim tilgangi að kaupa annað verk sem fellur betur að safni eða staðsetningu.

22. gr.*Tækifærisgjafir*

Tækifærisgjafir sem sveitarfélaginu hlotnast, m.a. í tengslum við vinabæjasamskipti, skulu skráðar á þar til gert eyðublað og í listaverkaskrá eftir því sem við á.

23. gr.*Lán listaverka*

Menningarstofa getur tekið við listaverkum til láns og lánað listaverk tímabundið til annarra safna eða stofnana, á sýningar eða til rannsókna. Slíkum verkum skal ávallt fylgja samningur.

24. gr.*Réttindi höfunda*

Höfundur verks á rétt á að fá verk sín lánuð á eigin sýningar og aðgang að verki sínu til fjölföldunar og útgáfu, enda skarist það ekki á við áætlanir sveitarfélagsins og sé án kostnaðar fyrir það.

25. gr.*Höfundaréttur og notkun*

Fjarðabyggð öðlast þann rétt sem fylgir listaverki samkvæmt höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, með þeim takmörkunum sem fram koma í samningi.



26. gr.

Kynning og eftirmyndun

Fjarðabyggð hefur rétt til opinberra sýninga og eftirmyndunar listaverka í eigu eða vörslu sveitarfélagsins í samræmi við samninga og höfundalög.

27. gr.

Kynning reglna

Reglur þessar skulu kynntar höfundum listaverka áður en skrifað er undir samning um móttöku verks og skal koma fram í samningi að reglurnar hafi verið kynntar.

28. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir Listamann Fjarðabyggðar og listaverkæign sveitarfélagsins. Með staðfestingu reglna þessara falla úr gildi reglur sama efnis.

29. gr.

Endurskoðun

Reglur þessar skulu yfirfarnar og endurskoðaðar reglulega, að jafnaði á tveggja ára fresti.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 19. febrúar 2026


Jóna Árný Þórðardóttir
bæjarstjóri